

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og um leið falla niður lög nr. 93/1992, um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Einnig falla þá úr gildi eftirfarandi lög um breytingu á þeim lögum: nr. 58/1994, 85/1995, 89/1997 og 114/1997.

Þrátt fyrir 1. mgr. taka IV. og V. kafli þessara laga um innflutning sjávarafurða og landmærastöðvar gildi 1. nóvember 1998.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þar til IV. og V. kafli laga þessara taka gildi skal sjávarútvegsráðherra veita leyfi fyrir innflutningi lifandi fiska, skrápdyra, liðdyra eða lindýra, sem lifa í söltu vatni, að uppfylltum settum skilyrðum. Ráðuneytið skal leita umsagnar yfirdýralæknis um leyfisveitingarnar og hafa hliðsjón af lögum um innflutning dýra eftir því sem við getur átt.

Gjört í Reykjavík, 10. júní 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Björn Bjarnason.

Nr. 56

10. júní 1998

LÖG

um breyting á lögum um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum, nr. 31 27. mars 1987, með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

5. og 6. gr. laganna falla brott og breytist greinatala samkvæmt því.

2. gr.

1. másl. 15. gr. laganna, er verður 13. gr., orðast svo: Flugvallagjöld skv. 6. og 7. gr. skulu vera grunntaxtar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998.

Gjört í Reykjavík, 10. júní 1998.

Davíð Oddsson.

Ólafur G. Einarsson.
(L. S.)

Pétur Kr. Hafstein.

Halldór Blöndal.